

## Kennsluáætlun haustönn 2025

### Námskeiðslýsing:

Farið er yfir helstu undirstöðuatriði bókhalds og rekstrarhagfræði og fjallað um ársuppgjör, skattaskil og áætlanagerð, t.d. rekstraráætlunir, greiðsluáætlunir og fjárfestingaráætlunir. Leitast er við að tengja fyrri þekkingu og reynslu nemenda ásamt faglegri þekkingu, sem þeir öðlast í skólanum við raunverulegt rekstrarumhverfi. Fjallað er um frumkvöðlafræði og nýsköpun í atvinnurekstri með áherslu á sprotafyrirtæki, uppbyggingu þeirra og fjármögnunarmöguleika. Hluti af áfanganum er verkefni, sem tveir eða fleiri nemendur vinna saman, þar sem þeir stofna sýndarfyrirtæki (einkahlutafélag) á sínu fagsviði og gera könnun á afkomu- og rekstrarmöguleikum þess.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir því hvað rekstur fyrirtækis innifelur og hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til að reksturinn gangi upp, metið með rökræðum og rökstuðningi.
- Lesa úr helstu kennitölum fyrirtækis og sjá hvort reksturinn er á réttri leið, metið með rökstuðningi.
- Fara í gegnum stofnun einkahlutafélags (hluti af verkefni) og gera sér grein fyrir rekstrarmöguleikum þess, metið með kynningu á verkefni og rökræðum um niðurstöður þess.

Fjalla af innsýn og skynsemi um rekstrarlega þætti og tengja við raunveruleikann, metið með rökræðum.

### Undanfarar / Forkröfur:

SKGA2FV03 (Skipulag og bygging garðyrkjustöðva) og ALYL2FV06 (Almenn ylræktun) (hjá garðyrkjuframleiðslubrautum). BLÓM1BB02 (Blómaskreytingar II bóklegt), BLÓM1VB08 (Blómaskreytingar II verklegt) og AUSK2FV04 (Auglýsinga- og skiltagerð) (hjá blómaskreytingabraut). SKRG2BB07 (Skrúðgarðabyggingafræði B) (hjá skróðgarðyrkjubraut). ÚTV11FV04 (Útivistarsvæði) og UMHV2FV04 (Umhverfisfræði) (hjá braut skógar og náttúru).

### Námsefni:

Handbók athafnamannsins – Gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana ásamt viðaukahefti, höf: Páll Kr. Pálsson auk þess efni sótt á internetið, s.s. á skattur.is og lagasafnið.

### Námsmat:

**Hópverkefni** um stofnun sýndarfyrirtækis og lagður grunnur að rekstraráætlun sbr. námslýsingu, skilað í tveimur hlutum, fyrri hluti sem verkefni 1 og seinni hluti sem verkefni 2

Verkefni 1: vægi 10% og Verkefni 2: vægi 40%, samtals: 50%

**Próf:** 50%

### Kennslufyrirkomulag:

Fyrirlestrar og innlögð kennara með stöku tímaverkefnum til útskýringa  
Hópvinna nemenda og kynningar á verkefnum

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

*Dórunn Reykdal*

**DRÖG AÐ KENNSLUFYRIRKOMULAGI**

Vika	Dags	Tími	Námsefni og fyrirkomulag
1	26. ágúst	9:00-11:20	Lotuvika Kynning á námskeiði, yfirlit yfir bókhald, HAM glærusett 1
2	1. sept	9:00-12:00	Upprifjun á bókhaldi og Excel, frh. HAM glærusett 1, Lög um bókhald
3	8. sept	9:00-12:00	Bókhald frh. Lög um einkahlutafélög, efni sótt á skattur.is Rekstrar- og efnahagsreikningur
4	15. sept	9:00-12:00	HAM glærusett 2 (Kafli 3 í bók) Hópaskipting og val á verkefni undirbúið
5	22. sept	9:00-12:00	Lotuvika: Nýsköpun og frumkvöðlastarf Hópvinna: val á hugmyndum og kynning á stuðningsefni verkefna
6	29. sept	9.00-12:00	HAM glærusett 5 (Kafli 6 í bók) Fjárhagsáætlanir og fjárhagslíkön Áætlanir, líkön, núllpunktsgreining
7	6. okt	9:00-12:00	HAM glærusett 5 frh. Hagnaðarkort, áhrif verðlækkana/hækkana, lykiltölur Vísitala og verðbólga <b>Verkefni 1 (10%) - fyrsti hluti stóra verkefnisins <u>Skil 25. okt 2025</u></b>
8	13. okt	9:00-12:00	HAM glærusett 7 (Kafli 8 í bók) Breytilegur og fastur kostnaður o.fl.
9	20. okt	9:00-12:00	Vísitala og verðbólga HAM glærusett 8 (Kafli 9 í bók) Stofnendur, eigendur og stjórnskipulag
10	27. okt	9:00-12:00	Lotuvika: <b>vinna við verkefni</b>
11	3. nóv	9:00-12:00	Fjármunir og lán, útreikningar í tíma Vinna við verkefni
12	10. nóv.	9:00-14:10	HAM glærusett 9 (Kafli 10 og 11 í bók) Uppsetning, frágangur og kynning rekstrar- og viðskiptaáætlana <b>Verkefni 2 (40%) síðari hluti stóra verkefnisins. <u>Skil 16. nóv. 2025</u></b>
13	17. nóv	9:00-14:10	<b>Kynningar á nemendaverkefnum</b>
14	24. nóv	9:00-14:10	<b>Kynningar á nemendaverkefnum</b>
16	4. des	9:00-12:00	<b>LOKAPRÓF – VÆGI 50%</b>